

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 302/2024

2025/EES/25/51

frá 6. desember 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2165 frá 1. júlí 2024 um að birta skrá þar sem tilgreind eru tiltekin koltvísýringslosunargildi fyrir hvern framleiðanda sem og sértæk gildi fyrir meðalkoltvísýringslosun frá öllum nýjum þungum ökutækjum, sem eru skráð í Sambandinu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242, fyrir skýrslutímabil ársins 2021 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azkab (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2336) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azkac. **32024 D 2165:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2165 frá 1. júlí 2024 um að birta skrá þar sem tilgreind eru tiltekin koltvísýringslosunargildi fyrir hvern framleiðanda sem og sértæk gildi fyrir meðalkoltvísýringslosun frá öllum nýjum þungum ökutækjum sem eru skráð í Sambandinu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 fyrir skýrslutímabil ársins 2021 (Stjtið. ESB L, 2024/2165, 21.8.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/2165, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2165, 21.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2165/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.